

## 7. fundur

Æskulýðs- og íþróttanefnd hélt fund þriðjudaginn 4. mars 2003 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Ríkharður Hrafnkelsson, María Valdimarsdóttir, Alda Pálsdóttir, Sigurborg Sturludóttir, Dallilja Inga Steinarsdóttir, Vignir Sveinsson og Guðfinna Arnórsdóttir.

Ríkharður setti fund kl. 17:05 og bauð alla velkomna.

### 1. Yfirlit forstöðumanna um starfið.

Íþróttamiðstöð.

Framundan eru héraðsmót í frjálsum og knattspyrnu. Badmintondeild Mosfellsbæjar hringdi til að athuga með æfingabúðir. Höfðu frétt af góðri aðstöðu. Á vegum heilsueflingar er framundan Yoga- og slökunarnámskeið (í apríl).

X-ið.

Allt gengur vel og krakkarnir duglegir að mæta.

10. bekkur æfir leikrit í X-inu fyrir árs hátíð.

Samfés-ballið er nk. föstudag og eru ca. 50 krakkar skráðir til leiks, fara héðan kl. 8.00 um morguninn. 8. bekkur fær að fara með. 5 fullorðnir fara með.

Öskudagsballið fyrir eldri bekkina haldið í X-inu á morgun á vegum foreldrafélags skólans. Aðalfundur Samfés verður 10. apríl í Keflavík og ætla þær að mæta á þann fund.

Keypt "Pool" borð og verður það sett upp eftir öskudagsballið.

### 2. Skipulag á rekstri og nýtingu íþróttavallar.

Vignir skoðaði völlinn í gær og liggur grasið undir stórskemmdum.

Ákveðið að nefndin setji auglýsingu í Stykkishólmspóstinn þar sem foreldrar og forráðamenn eru beðnir um að gera börnum sínum grein fyrir því að þau megi ekki vera á vellinum á þessum tíma.

### 3. Önnur mál.

a) Þurfum að fara að setja e-ð niður á blað vegna Æskulýðsfulltrúa þ.e. verksvið o.þ.h. Fundarmenn beðnir að setja niður á blað fyrir næsta fund hvernig þeir vilji sjá þetta starf.

b) Ríkharður las bréf frá Óla Jóni þar sem kemur fram ósk um að æskulýðs- og íþróttanefnd tilnefni aðila í starfshóp um forvarnarnefnd. Samþykkt að Alda Pálsdóttir færi sem fulltrúi nefndarinnar.

c) Vignir var hjá Óla Jóni þar sem rætt var um ástand lausu karfanna. Vigni falið að skoða hvaða körfur henta best og leita tilboða. Þarf að fá tilboðin fyrir næsta bæjarráðsfund.

Fundi slitið kl. 18:50.

María Valdimarsdóttir, fundarritari (sign.).

Ríkharður Hrafnkelsson (sign.),  
Alda Pálsdóttir (sign.),  
Vignir Sveinsson (sign.),

Sigurborg Sturludóttir (sign.),  
Dallilja Inga Steinarsdóttir (sign.),  
Guðfinna D. Arnórsdóttir (sign.).